

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

7. febrúar 2025
202501-0072/P.V.B.
10.03.01

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Vegagerðarinnar, dagsett, 10. janúar 2025, um leyfi til framkvæmda innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til uppsetningar á 12 metra háu veðurstöðvarmastri og 9 metra hárrí vindrafstöð við Lambhaga. Kort sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu og hnit ásamt nákvæmri verklýsingu fylgdu með umsókninni. Við framkvæmdina verður notuð lítil beltagrafa til að koma fyrir undirstöðum fyrir möstrin og stögin og röralögnum milli mastrana. Að verkinu komu 2-4 starmenn og verktími er áætlaður 3-4 vikur. Gert er ráð fyrir að fara í framkvæmdirnar um leið og færi gefst til.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefni líklegt til að hafa áhrif á ásýnd svæðisins og upplifun gesta til lengri tíma lítið. Stofnunin metur að framkvæmdin sé mikilvæg fyrir almannahag og neikvæð áhrif þess séu afturkræf þar sem hægt sé að fjarlægja möstrin án mikils rasks sé notkun veðurstöðvarinar hætt.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Vegagerðinni fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.

Náttúruverndarstofnun

- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt/afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka beltagröfunni að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hákon Ásgeirsson
svæðissérfræðingur

René Biasone
sérfræðingur